

Þrítugasti og fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 23. nóvember 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir og Guðmundur Pétursson.

Leifur Guðjónsson og Magnús Dalberg boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Sigríður Ágústa Karvelsdóttir f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir dagdvöl aldraðra, félags- og tómstundastarf og mötuneyti að Skólabraut 3-5 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli og reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir dvalarheimili“.
- b. Ásrún Jónsdóttir f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir rekstri sambýlis fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli“.
- c. Þórunn Ósk Þórarinsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir leikskólanum Reykjakot að Krókabyggð 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla“.
- d. Ásta Dóra Ingadóttir sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hundaskólanum Gallerí Voff að Reykjahlíð í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir kennslustaði“.
- e. Guðbjörg Pétursdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Lágsholti 2a í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur“.
- f. Guðrún Helga Rúnarsdóttir f.h. Matarboxið ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir pökkun á ferskum matvælum og sósugerð, að Desjamýri 1 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- g. Hörður Hafsteinn Bjarnason f.h. Kotasæla ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri gististaðar án veitinga, íbúðir, í Hvammsvík í Kjós.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og starfsleyfisskilyrðum fyrir minni gistiheimili“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis var lögð fram og samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun 2018

Drög að fjárhagsáætlun var lögð fram með breytingum frá síðasta fundi og samþykkt.

4. Umsagnir um skipulag

Lagt var fram bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 13. 11 2017 þar sem óskað er umsagnar um lýsingu verkefnis og matslýsingar skipulagsáætlunar fyrir væntanlega breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 vegna nýs athafnasvæðis við Sólheimakot á Hólmsheiði.

Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn um erindið.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl: 19:00.